



## Nýtt kynbótamat með breyttri heildareinkunn

Nú í október s.l. var keyrt nýtt kynbótamat með breyttri heildareinkunn eins og gerð hefur verið grein fyrir hér á síðum blaðsins og víðar. Stærstu breytingarnar eru þær að vægi afurða í heildareinkunn var minnkað og afurðaeinkunn samanstendur nú af bæði fitu- og próteinafurðum. Þessi breyting hefur eðli málsins samkvæmt nokkur áhrif á einkunnir nautanna og þá á þann veg að naut með hátt mat fyrir fituafurðir og eiginleika eins og júgur- og spenagerð, mjaltir og skap hækka nokkuð. Á sama hátt lækka þau naut sem hafa t.d. lágt mat fyrir fituafurðir.

Það verður því að segjast eins og er að kynbótamat nautgriparæktarinnar hefur tekið töluverðum breytingum á undanförunum misserum. Fyrir skömmu tókum við í notkun mælidagalíkan sem hefur gjörbreytt vali nautanna á þann veg að þau eru nú valin til framhaldsnotkunar 1-1 ½ ári fyrir en áður og svo þessi breyting á heildareinkunn sem byggir á hagrænu vægi þeirra eiginleika sem um ræðir.

Fagráð í nautgriparækt fundaði um miðjan október og tók ákvörðun um hvaða naut verða í dreifingu sem reynd naut á næstu mánuðum. Afkvæmadómi 2013 árgangs nauta er að fullu lokið og afkvæmadómur nauta f. 2014 er nánast lokið. Nautin frá 2015 eru enn ekki komin með nægan fjölda dætra til þess að hægt sé að setja þau í notkun að svo stöddu.

Ákveðið var að í dreifingu verði eftirtalin naut: Bakkus 12001, Pipar 12007, Loki 12071, Sjarmi 12090, Dúett 12097, Jörfi 13011, Hálfmáni 13022, Bárður 13027, Ýmir 13051, Steri 13057, Hæll 14008, Hnykkur 14029, Kláus 14031, Stáli 14050 og Svanur 14068.

Þessi naut eru komin með traustan og sterkan dóm og hafa til að bera kosti sem geta nýst ræktunarstarifnu vel. Hér á eftir verður gerð aðeins nánari grein fyrir kostum þeirra og göllum en nánari upplýsingar er að finna í nautaskrá og á nautaskra.net.

**Bakkus 12001** frá Auðsholti í Hrunamannahreppi (f. Ófeigur 02016, mf. Frami 05034) er með eitt hæsta mat nauta í landinu öllu og hækkar um 1 stig. Dætur hans eru stórar afurðakýr með góðar mjaltir og frábært skap (með alhæstu nautum) en spenar eru grannir og aðeins gleitt settir. Bakkus er nú næsthæstur nauta í heildareinkunn með 113.



**Pipar 12007** frá Espihóli í Eyjafirði (f. Gyllir 03007, mf. Flói 02029) er efnahlutfallanaut þar sem dætur hans eru góðar afurðakýr með sérlega há efnahlutföll í mjólk. Pipar stendur nú þriðji hæstur allra nauta fyrir fitu%. Dæturnar státa af góðri byggingu, sterkri júgurgerð, vel settum spenum og góðum mjaltaeiginleikum og skapi. Pipar hækkar um 2 stig og er heildareinkunn nú 109.

**Loki 12071** frá Bakka á Kjalarnesi (Birtingur 05043, mf. Þröstur 00037) stendur í stað. Dætur hans eru mjólkurlagnar með ákaflega góða júgur- og spenagerð og góðar mjaltir sem skipar honum í flokk okkar betri nauta. Heildareinkunn 107.

**Sjarmi 12090** frá Hrepphólum í Hrunmannahreppi (f. Koli 06003, mf. Laski 00010) lækkar um ein fjögur stig í heildareinkunn vegna vægisbreytinganna en hann geldur fyrir lágt fituhlutfall í mjólk dætra. Eftir sem áður eru dætur Sjarma griðarmiklar og skapgóðar mjólkurkúr með úrvalsgóða júgurgerð og góðar mjaltir. Sjarmi er á topp 10 í heildareinkunn með 111.

**Dúett 12097** frá Egilsstaðakoti í Flóa (f. Birtingur 05043, mf. Dúllari 07024) er einkum afurðanaut þar sem dætur hans eru mjólkurlagnar með há efnahlutföll í mjólk og góðar mjaltir. Byggingareiginleikar þeirra eru um meðallag án þess að um áberandi galla sé að ræða. Hann hækkar um 1 stig og er með heildareinkunn upp á 107.



**Jörfi 13011** frá Jörfa í Borgarbyggð (f. Birtingur 05043, mf. Skurður 02012) er ákaflega gott alhliða naut sem styrkir sína stöðu nú, hækkar um 3 stig. Dætur hans eru gallalítlar með frábæra júgur- og spenagerð sem auk þess eru ákaflega vel settir. Jörfi er með hæsta mat allra nauta í mati fyrir júgur ásamt tveimur öðrum nautum og meðal tíu hæstu nauta í heildareinkunn með 111.



**Hálfmáni 13022** frá Brjánsstöðum í Grímsnesi (f. Vindill 05028, mf. Laski 00010) styrkir sína góðu stöðu, hækkar um 2 stig. Þetta er fyrst og fremst afurðanaut en dætur hans eru miklar mjólkurkúr með há verðefni í mjólk. Mjaltir eru góðar og skapið frábært en bygging er nærri meðallagi án áberandi kosta eða galla. Hálfmáni deilir næstefsta sæti fyrir skap með Bárði 13027 og er með alhæstu nautum í heildareinkunn með 112.

**Bárður 13027** frá Villingadal í Eyjafirði (f. Baldi 06010, mf. Laski 00010) bætir í og hækkar um 2 stig. Hér er á ferðinni alhliða naut sem gefur mjólkurlagnar kúr með há efnahlutföll í mjólk, góða júgur- og spenagerð og frábært skap. Fyrir skap er hann nú næstefstur allra nauta ásamt Hálfmána 13022. Heildareinkunn 107.



**Ýmir 13051** frá Klauf í Eyjafirði (f. Baldi 06010, mf. Laski 00010) hækkar um 2 stig. Þetta er eitt okkar góðu alhliða nauta þar sem dætur hans eru mjólkurlagnar og júgurhraustar auk þess að skarta frábærri júgur- og spenagerð ásamt úrvalsgóðum mjóltum og skapi. Ýmir er meðal efstu nauta hvað júgurhreysti, júgurgerð og skap varðar. Til galla verður að telja lágt próteinhlutfall í mjólk.

Heildareinkunn 110.

**Steri 13057** frá Stóru-Mörk undir Eyjafjöllum (f. Koli 06003, mf. Aðall 02039) lækkar um 1 stig en heldur samt góðri stöðu. Dætur hans eru mjólkurlagnar með há hlutföll verðefna í mjólk. Hvað aðra eiginleika snertir er Steri meðalnaut og t.d. eru mjaltir undir meðallagi og júgur mættu vera betur borin en dætur eru aðeins lágfættar. Í heildina er Steri öflugt naut með heildareinkunn 110.

**Hæll 14008** frá Hæli 1 í Eystrihrepp (f. Kambur 06022, mf. Hræsingur 98046) stendur í stað í heildareinkunn en góð afurðageta dætra þar sem efnahlutföll eru áberandi há ásamt því að júgurgerð er gríðarlega öflug skila honum öflugum mati. Hvað júgurgerð varðar er hann meðal efstu nauta. Rétt er að hafa í huga að Hæll gefur granna spena. Heildareinkunn 107.



**Kláus 14031** frá Villingadal í Eyjafirði (f. Hjarði 06029, mf. Laski 00010) er hálfbróðir Bárðar 13027 að móðurinni til. Kláus hækkar um 3 stig enda sækir hann styrk sinn í gríðarmikla afurðagetu, góða júgur- og spenagerð og gott skap. Kláus er efstur allra nauta fyrir mjólkurmagn og nærri toppnum hvað skapið varðar. Heildareinkunn 110.

**Hnykkur 14029** frá Hlöðum í Hörgársveit (f. Lögur 07047, mf. Stígur 97010) kemur nýr í hóp reyndra nauta. Sú ákvörðun byggir á góðu mati hans fyrir afurðagetu, júgurhreysti og júgurgerð. Hafa þarf í huga að Hnykkur gefur granna spena. Fyrir áhugamenn um liti er Hnykkur spennandi en hann var kolgráskjöldóttur og gefur því nokkuð af gráum kúm. Heildareinkunn 107.

**Stáli 14050** frá Hlemmiskeiði 2 á Skeiðum (f. Lögur 07047, mf. Reykur 06040) hækkar um 1 stig. Hans kostir liggja gríðarmikilli afurðagetu og góðri júgur- og spenagerð. Fyrir mjólkurmagn deilir hann 3-4 sæti allra nauta. Heildareinkunn 108.

**Svanur 14068** frá Bryðjuholti í Hrunamannahreppi (f. Hjarði 06029, mf. Ófeigur 02016) hækkar um heil 4 stig. Svanur er afurðanaut, mikil mjólk með góðum efnahlutföllum og júgurgerðin er stórgóð. Taka þarf tillit til þess að hann gefur mjög netta spena, bæði stutta og granna auk þess sem dætur hans er fremur lágfættar. Hann stendur með mjög góða heildareinkunn upp á 110.

### Nautsfeður

Nautsfeður til notkunar næstu mánuði verða áfram þeir Jörfi 13011 og Hálfmáni 13022. Nýir í þeim hópi eru Pipar 12007, Ýmir 13051 og Kláus 14031. Hafa verður í huga að nota Ými á kýr með há efnahlutföll í mjólk vegna óhagstæðs mats hans þar að lútandi.

Þessar vikurnar er verið að kaupa nautkálfa undan Bakkusi 12001, Sjarma 12090, Jörfa 13011 og Hálfmána 13022 auk þess sem nokkrir synir Stera 13057 hafa verið keyptir. Sjálfsagt er að tilkynna um syni þessara nauta og nautsmæðra.

### Efstu naut

Eftir breytingar á heildareinkunn hefur orðið breyting á röð efstu nauta. Bambi 08049 trónir á toppnum að nýju með firnagóða einkunn upp á 116. Næstur honum kemur Bakkus 12001 með 113 eftir að hafa styrkt sína stöðu og næstir í röðinni eru Hálfmáni 13022 og hið mikla og farsæla kynbótanaut Birtingur 05043 með 112 í einkunn. Skammt undan eru Baldi 06010, Úlli 10089, Sjarma 12090 og Jörfi 13011 með 111. Athyglisvert að sjá að Baldi og Úlli hafa styrkt sína stöðu og hið sama á við um Kamb 06022 sem er nú með 110 ásamt þeim Kola 06003, Ými 13051, Stera 13057, Kláusi 14031 og Svan 14068. Á þessari upptalningu má sjá að meðal þeirra nauta sem nú eru í notkun er að finna mörg alöflugustu nautanna.

### Að lokum

Með mælidaglíkani fyrir afurðir hefur val nauta tekið breytingum og hægt er að

afkvæmadæma nautin fyrr en ella. Þetta skilar okkur hraðari kynbótaframförum en leggur um leið auknar kröfur á okkur sem að nautgriparæktinni stöndum. Útlitsdómur dætra og afurðaupplýsingar þeirra haldast nokkuð í hendur, þ.e. afurðamat kunna liggur fyrir á svipuðum tíma og nægur fjöldi dætra hefur verið útlitsdæmdur. Einn veigamikill þáttur í afkvæmadómi nautanna er mjaltaathugun en þar hafa illu heilli skil farið versnandi. Sú athugun stendur undir verulegum hluta af mjaltaeinkunn nautanna sem og mati fyrir gæðaröð. Vanti naut tilskilinn fjölda dætra með mjaltaathugun seinkar það dómi hans. Það er því eftir miklu að slægjast og vil ég biðja menn að skila mjaltaathugunum sem allra fyrst og viðhalda þannig því mikla og góða samstarfi sem ræktunarstarf nautgriparæktarinnar byggir alfarið á.

NAUT 2019																			
Reynd naut Nautastöðvar BÍ sem fyrirhugað er að nota sæði úr haustið 2019																			
Nafn og nr.	Faðir	Móðir, uppruni og móðurfaðir	Mjólk	Fitu%	Prótein%	Afurðir	Prót.úthald	Frjósemi	Frumuttala	Gæðaröð	Skrokkur	Júgur	Spennar	Mjaltir	Stæp	Ending	Kynbótaeink.	Hæð dætra	
Bakkus 12001*	T	Ófeigur 02016	Mæja 727, Auðsholti, Hrunamannahreppi Frami 05034	111	98	105	118	114	122	87	118	104	102	104	116	123	116	113	5,4
Pipar 12007*	N	Gyllir 03007	759, Espihóli, Eyjafirði Flói 02029	106	124	117	117	105	89	106	100	105	112	115	112	96	97	109	5,4
Loki 12071		Birtingur 05043	Huppa 356, Bakka, Kjalarnesi bröstur 00037	109	99	106	111	105	100	90	97	105	112	109	111	95	113	107	5,5
Sjarmi 12090	T	Koli 06003	Baula 474, Hrepphólum, Hrunamannahr. Laski 00010	120	88	101	117	91	87	116	116	105	107	113	109	109	117	111	5,4
Dúett 12097		Birtingur 05043	Dúlla 593, Egilsstaðakoti, Flóa Dúllari 07024	107	114	115	117	81	92	93	102	99	103	101	110	96	109	107	6,0
Jörfi 13011	N	Birtingur 05043	Gústa 643, Jörfa, Borgarbyggð Skurður 02012	100	120	111	111	98	102	107	102	108	133	107	103	104	119	111	5,7
Hálfmáni 13022	N	Vindill 05028	Gríma 468, Brjánsstöðum, Grímsnesi Laski 00010	117	119	108	119	87	95	100	111	99	106	113	113	128	106	112	5,7
Bárður 13027		Baldi 06010	Klaufa 248, Villingadal, Eyjafirði Laski 00010	103	114	107	107	88	95	98	115	102	117	106	102	128	109	107	5,9
Ýmir 13051	N	Baldi 06010	Slóð 692, Klauf, Eyjafirði Laski 00010	117	93	82	99	96	96	128	115	105	127	117	115	122	110	110	5,4
Steri 13057	T	Koli 06003	731, Stóru-Mörk, Eyjafjöllum Aðall 02039	119	112	109	127	83	111	101	100	106	94	101	88	101	110	110	4,9
Hæll 14008		Kambur 06022	Skýla 474, Hæli 1, Eystrihrepp Hræsingur 98046	107	114	116	102	93	108	103	99	99	129	117	103	103	102	107	5,4
Hnykkur 14029*		Lögur 07047	Píla 483, Hlöðum, Hörgársveit Stígur 97010	124	105	105	105	79	104	113	94	104	123	103	100	107	100	107	5,5
Kláus 14031*	N	Hjarði 06029	Klaufa 248, Villingadal, Eyjafirði Laski 00010	138	103	101	118	88	100	93	110	100	109	108	98	120	100	110	5,5
Stáli 14050*		Lögur 07047	Birna 805, Hlemmiskeiði 2, Skeiðum Reykur 06040	134	96	102	116	95	93	101	111	107	111	106	103	102	100	108	5,6
Svanur 14068		Hjarði 06029	Anna 506, Bryðjuholti, Hrunamannahreppi Ófeigur 02016	119	108	104	114	106	107	104	110	103	108	119	109	100	100	110	4,7